

22. ágúst 2017

Málsnr. 1211376

Umsögn um nýtt deiliskipulag Ásvallabrautar – tenging Vallahverfis og Ásahverfis við Kaldárselsveg.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 15. febrúar 2017 að auglýsa nýtt deiliskipulag fyrir Ásvallabraut tengingu Valla og Áslands í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Frestur til að skila inn athugasemdum var til 18. maí 2017. Athugasemdir bárust.

Deiliskipulagið afmarkast frá Aftantorgi, sem er síðasta torgið á Ásvöllum, að Kaldárselsvegi. Ásvallabraut er tengibraut sem er hugsuð sem innanbæjartenging. Þessi tenging er mikilvæg fyrir tengsl Valla 5 og 6 og Skarðshlíðar við stofnvegakerfið og þjónar um leið sem öryggisleið ef aðrar leiðir lokast. Brautin er 1+1 vegur með 50 km hámarkshraða.

Tillagan var send til umsagnar:

- Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis
- Umhverfisstofnunnar
- Minjastofnunnar
- Vegagerðarinnar
- Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Umsagnir þessara stofnana hafa borist.

Umsögn umhverfis- og skipulagsþjónustu

Það þarf að horfa á þessa einstaka legu í stærra samhengi. Það er verið að bregðast við nýrri íbúðabyggingu á þessum stað. Skv. aðalskipulagi Hafnarfjarðar er gert ráð fyrir frekari byggingu í Áslandi, áfangar 4 og 5 og eru í suðurhlíðum Ásfjallsins og teygja sig á móti íbúðarbygginginni á Völlunum. Ný íbúðarhverfi í Vatnshlíð munu liggja sunnan væntanlegs ofanbyggðavegs í suðurhalla sunnan Vatnshlíðarhnjúks. Eins er gert ráð fyrir íbúðarbyggingu í Hamranesi.



Hesthúsabyggð í Hlíðarenda þarf að víkja, lóðaleigusamningurinn rann út 2011 og var þessi vegur sýndur fyrst á aðalskipulagi Hafnarfjarðar frá 1980-2000 og búin að vera það æ síðan.

Í skipulagslögum er kveðið svo á að við gerð deiliskipulags skal byggt á stefnu aðalskipulags og hún útfærð fyrir viðkomandi svæði eða reit. Áður en tillaga að deiliskipulagi er tekin til afgreiðslu í sveitarstjórn skal tillagan, forsendur hennar og umhverfismat kynnt íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum á almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt.

Haldinn var kynningarfundur vegna þessa 23. nóvember 2016 og tillagan auglýst samkvæmt því sem lögin gera ráð fyrir með athugasemdarfresti til 18. maí sl.

Skv. fasteignamati ríkisins eru, fyrir allar skráðar eignir í Hlíðarenda, innskráðir þinglýstir lóðarleigusamningar frá 13. nóvember 2001 með undirritun þáverandi eiganda og kemur þar fram að lóðarleigusamningur renni út 2011 og að skv. 5. gr. þess samnings kemur m.a. fram að eftir að leigutíma líkur ákskilur bæjarsjóður sér rétt til að taka landið allt eða hluta af því hvenær sem er, án nokkurs endurgjalds fyrir mannvirki, ræktun eða landið og ber þá leigutaka að fjarlægja mannvirki af landinu.

Í afsali frá þeim tíma þar sem nýir eigendur hafa tekið við er þessi sami kaupsamningur lagður fram og má því eigendum vera það ljóst að samningstíminn er útrunnin.

Meðfylgjandi er hagræn greining fyrir Ásvallabraut sem unnin var af Mannviti í janúar 2017.

Með kveðju,

Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðar

Norðurhelli 2 | 221 Hafnarfjörður
Sími 585 5619 | GSM 664 5619

